

Landspítali háskólasjúkrahús - Hringbraut – Reykjavík



VERKSVIÐ VERKÍS

- Þarfagreining og verkefnastjórnun
- Burðarþolshönnun bygginga
- Brunahönnun og flóttaleiðateikningar fyrir allar byggingar á lóðinni
- Hávaðamælingar og hljóðvistarráðgjöf í K-byggingu, matsal og vöknun
- Yfirferð verkferla og áhættumat starfa í eldhúsi
- Úttekt á neyðarlýsingu almennt á lóðinni
- Úttekt brunamála í öllum byggingum á lóðinni

LÝSING

Frá því fyrir miðja síðustu öld hefur Verkræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. sem nú er hluti af VERKÍS hf. annast burðarþols- og brunatæknilega hönnun flestra bygginga á lóð Landspítala Háskólasjúkrahúss við Hringbraut. Þess utan hefur VERKÍS sinnt mjög fjölbreyttri þjónustu varðandi hljóðvist í mismunandi rýmum, , úttekt á neyðarlýsingu og yfirferð verkferla í eldhúsi spítalans þar sem áhersla er lögð á rekstrarleyfi og smitvarnir fyrir bæði starfsfólk og sjúklinga.

VERKÍS hefur á að skipa starfsmönnum með mikla reynslu og þekkingu á sértækum þörfum sjúkrahúsa og hefur sinnt nánast öllum þáttum verkfræðiráðgjafar fyrir fjölmörg fyrirtæki í heilbrigðisþjónustu. Enn fremur hafa ráðgjafar VERKÍS í sumum tilfellum verið heilbrigðisyfirvöldum innan handar við að breiða út þekkingu á þessum sviðum.

ALMENNT UM VERKIÐ

Eigandi sjúkrahússins er Ríkissjóður Íslands. Húsnæðið skiptist í grófum dráttum í fimm samtengdar en þó sjálfstæðar byggingar sem hver um sig er á fjórum eða fimm hæðum. Heildargólfhlötur er u.þ.b. 51.000 m²

LYKILUPPLÝSINGAR

Stærð:

51.000 m² í samtals fimm megin byggingum

Fjöldi legurýma

350

Byggingartími:

1926 – ..

Í mörgum áföngum

Byggingarefni:

Staðsteypt, járn bent steinsteypa.

Starfsemi:

- Legudeildir
- Göngudeildir
- Skurðstofur
- Röntgendeild
- Einangrunarstofur
- Bráðamóttaka
- Gjörgæsla
- Fæðingardeild
- Geðdeild
- Rannsóknarstofur
- Skrifstofur
- Eldhús

